36 11, frá 11. febrúar 1876, um aðflutningsgjald af tóbaki, eigi veita heimild til að
10. marz. endurgreiða toll af tóbaki, sem innheimtur hefnr verið á löglegan hátt, þá getur ofannefnd beiðni eigi orðið tekin til greina.

37 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um**
17. marz. **endurveiting hlunninda fyrir sparisjóð.** — Út af beiðni sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Ólafsvík, vil jeg hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. apríl þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874 með þeim skilyrðum, *að* trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sparisjóðs.

38
24. marz

Samþykkt
um
afnám fiskiveiðasamþykktar.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi

Samþykkt
um
afnám á samþykkt, 20. maí 1893, um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu, og á samþykkt 27. júní 1894, um breytingar á tjeðri samþykkt.

Samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu, dags. 20. maí 1893, og samþykkt um breyting á tjeðri samþykkt 27. júní 1894, eru hjermeð úr gildi felldar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni, og skal hún öðlast gildi 1. júní 1897.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 24. marz 1897.
J. Havsteen.